

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 85. fundur haldinn 7. febrúar 2011 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands, Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Smári Sigurðsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins var Hjalti Zóphóniasson fyrrv. skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

### 1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 10:00. Biskup hóf fundinn með því að þakka Hjalta Zóphóniassyni fyrir einstaklega gott samstarf í gegnum árin.

### 2. Gjaldalíkan kirkjugarða – úttekt á samkomulagi við ríkið

Þórsteinn Ragnarsson lagði fram og kynnti skýrslu frá Capacent sem unnin var fyrir Kirkjugarðasambandið um skoðun á samningi milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs frá 2005 og útreikning á framlaginu. Kirkjugarðaráð ákvað að málið yrði kynnt fyrir innanríkisráðherra.

### 3. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði fyrir árið 2011

Framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs kynnti umsóknir.

### 4. Greiðsluáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2011

Frestað til næsta fundar.

### 5. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2011

Samþykktar voru styrkveitingar að fjárhæð 39.550.000 (sjá yfirlit hér að neðan). Samþykkt að Kirkjugarðaráð geri þjónustusamning við KGSÍ til næstu fjögurra ára. Þórsteinn Ragnarsson vék af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Kristín Huld vék einnig af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Fornleifaverndar ríkisins.

Kirkjugarðar	Úthlutun	Verkefni
	2011	
<b>Múlaprófastsdæmi</b>		
Eiríksstaðir	700	Gagngerar lagfæringar á kirkjugarðinum
Sleðbrjótur	500	Þjónustuhús
Bakkagerði (Borgarf. eystri)	1.000	Endurhlaða framhlið kirkjugarðsins og lagfæra innan garðs
<b>Suðurprófastsdæmi</b>		
Bjarnarnes	400	Leggja rafmagn í garðinn og koma fyrir lýsingu
Hjalli í Ölfusi	1.000	Endurhleðsla á suðurhlið kirkjugarðs

Pingvellir	2.000	Ljúka við að lagfæra umgjörð kirkjugarðsins og innan garðs
<b>Kjalarnesprófastsdæmi</b>		
Hvalsnes	600	Þjónustuhús
Kirkjugarðar Keflav.	1.000	Til að ljúka hönnun og gerð vinnugagna vegna lagfæringar
<b>Reykjavíkprófastsdæmi</b>		
Kirkjugarðar Rvk.pr.	8.000	Þjónustuhús, uppbygging í Kópav. og duftg. á Sóllandi.
<b>Borgarfjarðarprófastsdæmi</b>		
Lundur	1.000	Lagfæra kirkjugarð, grísa gróður og tyrfa.
Hvanneyri	500	Koma upp þjónustuaðstöðu í friðuðu húsi við kirkjugarðinn
Bær	500	Bygging áhaldahúss í garðinum
Borgarnes	500	Til hönnunar og undirbúnings framkvæmda
Stafholt	1.000	Girða og lagfæra umhverfi kirkjugarðsins
<b>Snæfellsnes- og Dalapr.</b>		
Kolbeinsstaðir	800	Hlaða vegg og lagfæra innan garðs
Fáskrúðarb. v. Miklholts	250	Endursmíða tvær gamlar leiðaumgjarðir
Breiðabólssst. Skógarstr.	1.000	Lagfæra umgjörð kirkjugarðsins, fylla upp og tyrfa garðinn.
Hjarðarholt	1.000	Greiða niður bankalán vegna framkvæmda
<b>Vestfjarðarprófastsdæmi</b>		
Staður á Reykjanesi v. Breiðafjörð	800	Endurhlaða suðurhlið garðs úr grjóti og torfi
Flatey á Breiðafirði	700	Lagfæra minnismerki úr pottjárni og koma fyrir aftur
Bíldudalur	600	Ljúka við göngustíga og koma fyrir lýsingu
Mýrar	400	Greiða niður skuld við kirkju
<b>Húnav.- og Skagafjarðarpr.</b>		
Reykir	250	Lagfæring á kirkjugarðsgirðingu
<b>Eyjafjarðarprófastsdæmi</b>		
Kg. Dalvíkurprestak.	1.000	Stækkun og umhv. þjóstuh. á Dalvík og stígagerð á Völlum
Kg. Laugal.pr.v/Saurb.	500	Hanna og endursmíða sálu-, göngu- og aksturshlið.
<b>Pingeyjarprófastsdæmi</b>		
Húsavík	1.500	Greiða niður skuld af þjónustuhúsi kirkjugarðsins
Svalbarðseyri	1.000	Lagfæra núverandi garð
Þóroddsstaður	1.000	Endurnýja umgjörð og fylla upp í hluta kirkjugarðs
Grenjaðarstaður	500	Endurnýjun á girðingu og lagfæring á sálhliði
<b>Niðurlagðir kirkjugarðar</b>		
Selárdalur	450	Lagfæra minningarmörk úr pottjárni og koma fyrir aftur
Sandar	350	Ljúka framkvæmdum og koma fyrir merkingu
<b>Annað</b>		
KGSÍ v/upplýsinga og fræðslu	6.000	Fræðslumál, heimasíða, NFKK, stjórnun og rekstur á gardur.is
Fornleifavernd ríkisins	1.750	Útgáfa á riti um ástand friðaðra minningarmarka á Íslandi
Niðurlagðir kirkjugarðar	500	Merking og lágmarkshirðing á ýmsum niðurlögðum gördum
Ýmsir kirkjugarðar	500	Frumhönnun og hæðarmæling ýmissa minni kirkjugarða
<b>SAMTALS:</b>	<b>39.550</b>	
Allar upphæðir eru í þúsundum króna		

## 6. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2011

Þórsteinn Ragnarsson kynnti skiptingu framlags til kirkjugarða árið 2011 og tillögu um einingarverð vegna greiðslu umhirðukostnaðar og grafarkostnaðar. Ráðið samþykkti eftirfarandi einingarverð:

Nettó grafarverð:			Nettó fermetra verð:		
2010	2011	%	2010	2011	%
94.500	76.090	- 19,48	147,11	133,86	- 9,00
94.500	76.090	- 19,48	147,11	133,86	- 9,00
94.500	76.090	- 19,48	218,85	199,08	- 9,03
84.000	67.819	- 19,26	355,62	323,45	- 9,05
84.000	67.819	- 19,26	492,41	447,89	- 9,04
84.000	67.819	- 19,26	589,54	544,43	- 7,65
84.000	67.819	- 19,26	589,54	544,43	- 7,65
84.000	67.819	- 19,26	718,25	653,31	- 9,04
74.500	61.306	- 17,71	718,25	653,31	- 9,04
74.500	61.306	- 17,71	718,25	653,31	- 9,04
52.000	44.863	- 13,73	755,58	687,53	- 9,01

## 7. Erindi frá Háskóla Íslands vegna beiðni um beinaleifarannsókn lagt fram til kynningar

Kirkjugarðaráð telur að eðlilegt sé að beinaleifar séu rannsakaðar í vísindaskyni að því tilskildu að virðing sé borin fyrir jarðneskum leifum og öll umgengni fullnægi lögum og reglum þar að lútandi. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

## 8. Önnur mál

Ársreikningar kirkjugarða. Upplýst var að ekki hafa borist ársreikningar frá nokkrum kirkjugörðum síðastliðin ár. Á næsta fund er stefnt að því að fá fulltrúa frá Ríkisendurskoðun til að koma á fundinn og fara yfir málin.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:15.

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari